

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar, nr. 252/2022.

1. gr.

Við II. kafla 62. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjölmeningarráð. Hlutverk fjölmeningarráðs er að koma málefnum innflytjenda í sveitarfélaginu á framfæri, skapa vettvang til samskipta og stuðla að fjölmeningarlegu samfélagi. Ráðið er þátttakandi í allri stefnumörkun í málefnum innflytjenda og hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða sem snerta starfssvið ráðsins. Þá er ráðið ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málefnum þess og stuðlar að eflingu félagsauðs. Í fjölmeningarráði sitja tveir fulltrúar og jafnmarga til vara kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum auk fimm fulltrúa og fimm til vara tilnefndum af innflytjendum. Fjölskyldunefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar að erindisbréfi um hlutverk og verkefni ráðsins. Fundargerðir þess skulu lagðar fyrir fjölskyldunefnd áður en þær fá fullnaðar-afgreiðslu bæjarstjórnar.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 6. desember 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.